

sakir umrædds slyss, og er ekki sannað í málinu, að handvömm bifreiðarstjórans sé um það að kenna. Og með því að rétturinn verður að fallast á það með stefndum, að réttarsamband aðilja út af umræddu slysi, er varð í sambandi við tilraun til að koma vél fyrrnefndrar bifreiðar og henni sjálfri á hreyfingu, falli ekki undir sérreglur bifreiðalaganna um tjónbætur, þá verður að sýkna stefndan af kröfum stefnanda, en eftir málavöxtum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Jónasson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alberts Bjarnasonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. janúar 1942.

Nr. 9/1941. **Ríkisspítalarnir** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Auðkúluhreppi (Einar B. Guðmundsson).

Sveitarfélag krafði um greiðslu framfærslukostnaðar manns á geðveikrahæli.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1941. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 912.00 með 6% ársvöxtum af kr. 547.50 frá 1. jan. 1938 og af kr. 364.50 frá 14. sept. 1938 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu hefur það komið upp, að Sigurður sá Jónsson, er í málinu greinir, var fluttur geðveikur frá Seyðisfirði árið 1906 á fæðingar- og framfærslusveit sína, Auðkúluhrepp í Vestur-Ísafjarðarsýslu, en þaðan var hann fluttur, að ráðstöfun stefnds í ársbyrjun 1908 til dvalar á Kleppi, og greiddi stefndur dvalargjald hans þar til ársins 1935.

Verður að telja, að heimilisfang Sigurðar hafi verið í Auðkúluhreppi frá því að hann var fluttur þangað með nefndum hætti og þangað til honum var ráðstafað á geðveikrahælið á Kleppi. En af því leiðir samkvæmt 12. sbr. 13. og 79. gr. laga nr. 135 frá 1935, að stefndi verður að greiða áfrýjanda gjald það, sem krafizt er í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Auðkúluhreppur, greiði stefnanda, ríkisspítulunum, kr. 912.00 með 6% ársvöxtum af kr. 547.50 frá 1. jan. 1938 og af kr. 364.50 frá 14. sept. 1938, hvortveggja til greiðsludags, og samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. sept. 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., er samkvæmt heimild í 82. gr. einkamálalaganna höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 2. september 1938 af skrifstofu rikisspítalanna, hér í bænum, gegn Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 912.00 með 6% ársvöxtum af kr. 547.50 frá 1. janúar 1938 og af kr. 364.50 frá stefnubirtingardegi, 14. september 1938, hvortveggja til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árið 1908 dvaldist eða var staddur á Seyðisfirði maður nokkur að nafni Sigurður Jónsson. Eftir þágildandi lögum átti maður þessi framfærslusveit í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, enda var hann fæddur þar. Á nefndu ári virðist Sigurður hafa verið fluttur á framfærslusveit sína, en jafnskjótt þaðan aftur á geðveikrahælið að Kleppi, þar sem hann hefur dvalizt síðan sem sjúklingur. Allt frá þeim tíma og til ársloka 1935 greiddi stefndur fyrir veru Sigurðar á hælínu, en neitaði þá að greiða lengur, enda taldi hann sér það ekki skylt eftir gildistöku

framfærslulaganna nr. 135 frá 1935. Árið 1936 greiddi atvinnu-
málaráðuneytið hælsvist Sigurðar, að því er það taldi fyrir hönd
stefnds, en í óþökk og gegn mótmælum hans. Síðan 1. janúar 1937
hefur ekkert verið greitt fyrir Sigurð, og er hin umstefnda skuld
dvalarkostnaður hans að Kleppi frá þeim degi til septemberloka
1938. Hefur stefndur reynt ófáanlegur til að greiða þenna dval-
arkostnað Sigurðar, og stefnandi því höfðað mál þetta gegn stefnd-
um til greiðslu kostnaðarins.

Stefnandi byggir kröfu sína aðallega á því, að stefndur hafi í
fyrstu ráðstafað Sigurði að Kleppi og ábyrgt dvalarkostnað hans
og að hann sé ekki laus undan þeirri ábyrgð, þar eð í henni felist
skuldbinding um að greiða dvalarkostnað sjúklingsins, unz hon-
um yrði ráðstafað á annan hátt, en það hafi ekki verið gert.

Það virðist að visu rétt, að stefndur hafi sem þáverandi fram-
framfærslusveit Sigurðar í fyrstu ráðstafað honum að Kleppi, en
gegn andmælum stefnds er ósannað, að hann hafi nokkur tíma
tekið að sér gagnvart stefnanda að greiða kostnað af hælsvist Sig-
urðar umfram það, sem honum sem framfærslusveit var skylt
eftir gildandi lögum á hverjum tíma, og aldrei virðist stefndur
hafa tekið neina ábyrgð (í eiginlegri merkingu þess orðs) á
greiðslu dvalarkostnaðar Sigurðar að Kleppi. Leiðir aðalmáls-
ástæða stefnanda því ekki til greiðsludóms á hendur stefndum.

Til vara byggir stefnandi kröfurnar á því, að stefndur hafi
verið framfærslusveit Sigurðar, er hann fór að Kleppi, og gat
ákvæði hinna nýju framfærslulaga ekki haft þau áhrif, að stefndur
losni undan framfærsluskyldunni frá gildistöku þeirra og þar
með greiðslu hins umstefnda dvalarkostnaðar.

Stefndur telur hins vegar sjálfur, að við gildistöku framfærslu-
laganna hafi hann losnað undan öllum skyldum sínum sem fram-
færslusveit Sigurðar.

Í 12. gr. hinna nýju framfærslulaga er svo ákveðið, að sérhver
islenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, eigi framfærslurétt í heimil-
issveit sinni, þ. e. þar sem hann hafi fast aðsetur og greiði almenn
gjöld. Í 13. gr. sömu laga segir, að meðan menn dveljist í skóla,
sjúkrahúsi, heilsuhæli o. s. frv., eigi þeir framfærslurétt í þeirri
sveit, er var lögheimili þeirra, þ. e. heimilissveit, þegar dvölin á
þessum stofnunum hófst. Í 79. gr. laganna segir loks, að um alla þá,
sem séu á sveitarframfæri við gildistöku laganna, komi ákvæði
þeirra til framkvæmda þegar í stað, þ. e. 1. janúar 1936.

Í máli þessu er upplýst með óvæfengdri umsögn hreppstjóra
Auðkúluhrepps, að Sigurður hefur aldrei átt lögheimili (heimilis-
sveit) þar í hreppi, síðan hann kom til lögaldurs.

Af þessum ástæðum lítur rétturinn svo á, að stefndur hafi los-
ast undan skyldu til greiðslu dvalarkostnaðar Sigurðar að Kleppi
við gildistöku hinna nýju framfærslulaga 1. janúar 1936. Ber því

að sýkna stefndan af kröfum stefnanda og greiða honum upp í málskostnað kr. 75.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Auðkúluhreppur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, rikisspítalanna, í máli þessu. Upp í málskostnað greiði stefnandi stefndum kr. 75.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. janúar 1942.

Nr. 82/1941. **Alfred Olsen & Co A/S** (Theodór B. Línal)
gegn

Landsbanka Íslands (Einar B. Guðmundsson).

Um skyldu banka, er innheimt hafði kröfur fyrir erlent firma, til greiðslu innheimtufjárins með því gengi, er íslensk króna hafði á innheimtutímanum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. september f. á., hefur gert sömu kröfur og í héraði að öðru en því, að hann hefur fært varakröfuna niður í £ 915—19—0. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Í viðskiptum aðilja hefur stjórn stefnda, þegar efni urðu til, sagt sér af hendi ábyrgð á því að greiða innistæður áfrýjanda í sterlingspundum á ákveðnum tímum. Áfrýjandi hefur að visu andmælt þessari afstöðu bankans, en lét það þó viðgangast, að bankinn leysti ekki af hendi sterlingsgreiðslur frá því í nóvember 1937 og þangað til 30. nóvember 1938, er áfrýjandi bar fram kvörtun. Eftir þann tíma héldu aðiljar skiptum sínum áfram, en fjöggra mánaða fresturinn þeirra vegna var ekki liðinn þann 4. apríl 1939, þegar